

Dags:  
01.01.12

## LÖG SKOTÍPRÓTTAFÉLAGS HAFNARFJARÐAR

Útgáfa 1

### 1.gr.

Nafn félagsins er Skotípróttafélag Hafnarfjarðar skammstafað SÍH og er heimili þess og varnarþing í Hafnarfirði.

### 2.gr.

Tilgangur félagsins er að efla almennan áhuga á haglabyssuskotfimi, auka þekkingu á byssum og meðferð þeirra m.a. með því að vinna að bættri aðstöðu til skotæfinga. Félagið er málsvari þeirra sem ástunda haglabyssuþróttir.

### 3.gr.

Félagsmenn geta þeir orðið sem uppfylla skilyrði ÍSÍ um inngöngu í íþróttafélög.

### 4.gr.

Félagsmenn skulu greiða árgjald til félagsins og skal sú upphæð ákveðin á aðalfundi. Gjaldldagi árgjalds er 1. apríl og greiðist þá árgjald fyrir það ár. Hafi félagismaður ekki greitt árgjald sitt fyrir aðalfund, missir hann atkvæðisrétt og kjörgengi á þeim fundi ásamt öðrum félagsréttindum. Skuldi félagismaður árgjald fyrir þrjú ár, skal stjórnin fella hann af félagaskrá. Hafi félagismaður verið langdvölum utan félagssvæðis, er stjórninni heimilt að fella niður árgjald hans. Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og miðast við áramót.

### 5.gr.

Enginn félagismaður á tilkall til hluta af eignum félagsins, þótt hann hverfi úr félaginu eða félaginu verði slitið. Enginn félagismaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins með öðru en gjöldum sínum. Komi til þess að félaginu verði slitið, skulu eignir þess renna til ÍBH.

### 6. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

### 7. gr.

Félagið starfar samkvæmt reglum ÍSÍ, STÍ, ISSF og öðrum viðurkenndum alþjóðasamböndum. Stjórn félagsins getur þó sett sérstakar reglur um innanfélagsmót.

### 8. gr.

Stjórn félagsins er heimilt að veita viðurkenningar fyrir störf í þágu félagsins, eða íþróttaafrek unnin á vegum þess. Um viðurkenningar og heiðursfélaga skal setja reglugerð sem samþykkja skal á aðalfundi.

### 9. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri, og einn meðstjórnandi. Í varastjórn skal kjósa tvo menn. Hver maður í stjórn og varastjórn skal kosinn sérstaklega til tveggja ára. Formaður, ritari og annar meðstjórnandi auk annars varamanns annað árið, en gjaldkeri, meðstjórnandi og einn varamaður hitt árið. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins á milli aðalfunda.

### 10. gr.

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfund skal halda í febrúar ár hvert. Til almennra félagsfunda skal boðað þegar þörf þykir að dómi

meirihluta stjórnar, eða þegar minnst 25 félagsmenn eða helmingur félagsmanna óska þess skriflega og tilgreina fundarefni.

Aðalfund og félagsfund skal boða með a.m.k. viku fyrirvara, bréflaga eða með auglýsingu á vefsetri félagsins.

Stjórn skal halda félagsfund ekki síðar en 15. dögum frá því að henni barst um það beiðni skv. 2. mgr. 10. gr.

#### 11. gr.

Tillögur til lagabreytinga skal afhenda stjórn félagsins fyrir 1. desember. Lögum félagsins verður aðeins breytt með samþykki 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi.

#### 12. gr.

Á aðalfundi skal stjórn félagsins gefa skýrslu um starfsemi félagsins á liðnu starfsári og leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og skulu þeir hafa legið frammi til athugunar á þeim stað sem stjórnin ákveður í eina viku fyrir aðalfund.

#### 13. gr.

Þessi eru störf aðalfundar:

1. Setning fundar.
2. Kosning fundarstjóra.
3. Kosning fundarritara.
4. Skýrsla stjórnar.
5. Nefndir gera grein fyrir störfum sínum.
6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
7. Lagabreytingar.
8. Kosning stjórnar sbr. 9. gr.
9. Kosning nefnda.
10. Kosning tveggja skoðenda og eins til vara.
11. Ákvörðun árgjalds.
12. Önnur mál.
13. Fundargerð lesin.
14. Fundarslit.

#### 14. gr.

Stjórn félagsins skal setja reglur um æfingatíma, ásamt sérstökum reglum um öryggi og umgengni á æfingasvæðum

félagsins og er félagsmönnum skylt að hlíta þeim.

Stjórn skipar æfingastjóra í hverri íþróttagrein og skal hann sjá til þess að æfingin fari fram samkvæmt 1. mgr. 14. gr.

Um viðurlög við brotum samkv. 1. mgr. 14. gr. vísast til laga ÍSÍ.

Stjórn félagsins eða félagsfundi er heimilt að víkja mönnum úr félaginu eftir ítrekuð brot samkvæmt 1. mgr. 14. gr. og ræður þar meirihluti atkvæða.

Brottrekinn félagsmaður getur áfrýjað slíkri ákvörðun til aðalfundar.

#### 15. gr.

Félaginu verður ekki slitið nema á aðalfundi og þá með samþykki meirihluta félagsmanna.

#### 16. gr.

Stjórn félagsins skal skila ÍBH starfsskýrslum og endurskoðuðum reikningum nýliðins árs fyrir 15. apríl. Stjórn félagsins skala tilnefna fulltrúa á þing ÍBH og STÍ.

#### 17.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu öll önnur eldri lög falla úr gildi.

Hafnarfirði 11.02.2005